



Akstursíþróttasamband Íslands

Stjórnarfundur - 13.1.2015

Stjórnarfundur Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) haldinn í B sal ÍSí Íþróttamiðstöðinni Laugardal þann 13. janúar 2015 kl. 16:00

Mætt:

Tryggvi M Þórðarson (TMP), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Gunnar Bjarnason (GB), Ari Jóhannsson (AJ), Einar Gunnlaugsson (EG), Þórður Bragason (PB), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

Ekki mætt:

Gunnar Hjálmarsson (GH) Guðbergur Reynisson (GR),

1. Ársþing AKÍS #501

Stjórnarframboð – láta ÞA vita um framboð fyrir 14. febrúar. Auglýsa eftir framboðum á vef sambandsins.

Ársreikningur AKÍS – ÞA og AJ setja upp ásamt áætlun 2015 fyrir báðar kennitölur sambandsins.

Lagabreytingartillögur – þurfa að berast fyrir 14. febrúar 2015. Þegar hafa borist tvær lagabreytingar. Samþykkt að auglýsa á vef AKÍS að lagabreytingar þurfi að berast fyrir umræddan tíma.

Breytingar á verðskrá – tekið fyrir á næsta fundi

Reglubreytingar – þær reglubreytingar sem eiga að taka gildi á næsta keppnistímabili þurfa að berast frá keppnisráðum fyrir 14. febrúar 2015.

2. Kreditkort fyrir AKÍS #502

Óskað eftir heimild frá stjórn til að sækja um fyrirframgreitt kreditkort fyrir Framkvæmdastjóra AKÍS.

Samþykkt.

3. Myndréttur #503

AKÍS hefur borist umsókn vegna myndréttar 2015 þar sem óskað er eftir að nota merki AKÍS á útgefnu efni fyrir innlendan markað og Youtube. Stjórn samþykkir beiðnina en veitir ekki einkarétt á upptöku. ÞA falið að leggja fram drög að svari til samþykktar stjórnar.

4. Önnur mál

Blaðamannapassar – Vegna umsóknar um blaðamannapassa: AKÍS gefur ekki út blaðamannapassa.

5. Næstu fundir

Næsti vinnufundur verður 27. janúar kl 18:00.

Næsti raunfundur verður 10. febrúar kl 17:00.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið um kl. 17:30

Þrándur Arnþórsson